



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík - Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-8100

20. FUNDUR

20. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn í skólanum mánudaginn 6. mars, kl. 2030.

Fundinn sóttu: Jón Böðvarsson, Ingólfur Halldórsson, Gunnar Sveinsson, Guðrún Á. Sigurðardóttir, Jón Hólmgeirsson, Ingvar Jóhannsson og Hreinn Ásgrímsson.

I. Formaður setti fundinn og las upp fundargerð síðasta fundar sem var samþykkt.

II. Tilkynningar:

1. Skólameistari upplýsti að þann 15. febrúar s.l. hefðu fulltrúar Fjölbrautaskólans setið á fundi með Ingibjörgu R. Magnúsdóttir, deildarstjóra í heilbrigðisráðuneytinu. Á fundinum var gengið frá samkomulagi um að fjölbrautaskólarnir fengju heimild til að brautskrá sjúkraliða. Formleg tilkynning ásamt námsskrá verður birt í þessum mánuði.
2. Fjármálaráðuneytið hefur formlega viðurkennt öldunga-deild og flugliðabraut við skólann fyrir yfirstandandi skólaár. Nefnd sem menntamálaráðuneytið skipaði til þess að gera tillögur um starfrækslu öldungadeildar hefur lokið störfum og skilað álit. Fáist það álit samþykkt er framtíð öldungadeildar skólans tryggð.
3. Tölvuvinnsla: Formaður las upp bréf frá menntamálaráðuneytinu, dags. 20.02 og 21.02.1978. Er í þeim gert ráð fyrir sameiginlegri tölvuvinnslu á námsferilsskráningu áfangakerfisskólanna. Reiknistofnun Háskólans mun annast kerfissetningu, en fulltrúum skólanna er ætlað að samræma áfangalýsingar sínar, án þess þó að slíkri vinnslu fylgi nokkur aukakostnaður skólanna.

Skólameistari mælti með því að Jón Hjartarson, kennari yrði fulltrúi F.S. við gerð áfangalýsinga. Var sú tillaga samþykkt einróma.

4. Fjármálastaða skólans: Beiðni skólans til fjármálaráðuneytis um launagreiðslur vegna öldungadeildar og flugliðabrautar hefur verið samþykkt. Samkomulag hefur orðið milli menntamálaráðuneytis og skólans um að rekstrarkostnaður verði útreiknaður og endurmetinn á miðju ári 1978. Einnig hefur orðið samkomulag um að ríkissjóður greiði skuld skólans frá árinu 1977 að upphæð kr. 7.343.952.- miðað við að reikningsuppgjör skólans fyrir síðastliðið ár sé rétt.
5. Lagðar voru fram teikningar af fyrirhugaðri stækkun skólahússins. Eru þær gerðar af arkitektunum Herði Björnssyni og Hreggviði Stefánssyni. Gert er ráð fyrir hæð ofan á núverandi húsnæði ásamt risi með aðstöðu fyrir kennara og geymsluhúsnæði. Skólanefnd samþykkti einróma teikningar þessar fyrir sitt leyti.

Skólameistari sagði að kennarafélag skólans hefði verið haft með í ráðum varðandi innréttingar og skipulag á rishæð hússins.

III. Önnur mál.

1. Skólaakstur: Óánægju hefur gætt með akstur nemenda úr Grindavík og af Vatnsleysuströnd. Sérstaklega hafa nemendur verið óánægðir yfir laugardagskennslu og hafa lent í vandræðum með að komast þá á milli skóla og heimilis. Einnig hefur þeim þótt ganga seint að ljúka frágangi lesstofu og dregur sú töf sem á því hefur orðið úr möguleikum nemenda á að nýta eyður í stundaskrá til náms.

Samkvæmt upplýsingum iðnaðarmanna á lesstofan að verða tilbúin nú um næstu helgi.

Ingólfur Halldórsson taldi að búið væri að semja við nemendur um að þeir kæmu sér sjálfir á milli á laugardögum gegn ákveðnum styrk frá skólanum.

Þá kváðust þeir Jón Böövarsson og Ingólfur mundu leggja mikla áherslu á að stundaskrá næstu annar yrði nemendum hagkvæmari en nú er og að ekki verði kennt á laugardögum í framtíðinni.

2. Launakjör skólameistara: Skólameistari vék af fundi á meðan þessi liður var ræddur.

Formaður upplýsti að víðast hvar fengju menn í sambærilegum stöðum einhver fríðindi varðandi húsnæði o.fl. Skólameistari F.S. hefur engin slík fríðindi.

Við nána athugun hefur komið í ljós, að bifreiðastyrkur skólameistara er mun lægri en eðlilegt má teljast. Samþykkir nefndin því að miða bifreiðastyrkinn við 960 km. akstur á mánuði. Greiðsla skal miðast við bifreiðataxta starfsmanna ríkisins.

Þá tekur nefndin eðlilegt að skólameistari fái sérstaka greiðslu fyrir fjármálastjórn skólans og samþykkir að greiða honum 12 stundir á mánuði skv. yfirvinnutaxta frá og með síðustu áramótum að telja.

Skólanefnd vill taka það fram, að skóli þessi starfar sem fjárhagslega sjálfstæð stofnun fyrir sjö sveitarfélög auk ríkisins og fylgir því aukin vinna fyrir skólameistara.

Fleira var ekki á dagskrá. Fundi slitið kl. 2300.

Hreinn Ásgrímsson - ritari.